



Alþingi
Erindi nr. P 127/2304
komudagur 17.7.2002

Alþingi
Heilbrigðis- og trygginganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. júlí 2002.

Efni: Frumvarp til laga um Lýðheilsustöð

Vísað er til bréfs heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis dags. 13. maí 2002 þar sem óskað var eftir umsögn slysavarnaráðs um frumvarp til laga um Lýðheilsustöð.

Markmið laganna er að efla lýðheilsu en með því er átt við aðgerðir til að viðhalda og bæta heilbrigði þjóðarinnar eða tilgreindra hópa þjóðfélagsins. Ráðgert er að starfrækja sérstaka stofnun, Lýðheilsustöð, til að vinna að eflingu lýðheilsu m.a. með því að samræma lýðheilsustarf, annast fræðslu til almennings, styðja starfsemi þeirra sem vinna að eflingu lýðheilsu, stuðla að rannsóknum á sviði lýðheilsu og fylgjast með árangri af lýðheilsustarfi. Gert er ráð fyrir að Lýðheilsustöð þjóni fyrst og fremst þeim tilgangi að vera frumkvöðull og samræmingarafl. Þungamiðja heilsuverndar- og forvarnastarfs verður hins vegar eftir sem áður hjá heilbrigðisstofnunum, heilbrigðisstarfsfólki og frjálsum félagasamtökum. Með gildistöku laganna verða nógildandi lög um áfengis- og vímuvarnaráð, mannelisráð, slysavarnaráð og tóbaksvarnir felld úr gildi en starf þeirra ráða sem falla undir fyrrnefnd lög, felld undir Lýðheilsustöð.

Slysavarnaráð fagnar því að lagt hafi verið fram lagafrumvarp sem fjallar um hið mikilvæga málefni lýðheilsu. Full ástæða er til að efla og samræma hið margþætta lýðheilsustarf sem sinnt er af fjölmörgum aðilum héraendis, þannig að það verði sambærilegt því sem best gerist á alþjóðavettvangi. Hins vegar telur slysavarnaráð þær hugmyndir sem dregnar eru upp í fyrirbyggjandi lagafrumvarpi ekki vera nægjanlega metnaðarfullar til þess að þær geti orðið lýðheilsustarfi og slysaforvörnum í landinu til framdráttar.

Lýðheilsa

Slysavarnaráði þykir skilgreining á orðinu lýðheilsa í 1. gr. frumvarpsins vera takmörkuð. Það er skilningur ráðsins að lýðheilsa taki ekki eingöngu til heilsufarslegra þátta heldur einnig og ekki síður til félagslegra, sálrænna og umhverfislegra þátta. Lýðheilsustarf er þverfaglegt og miðar að því að bæta heilbrigði, lengja líf og auka lífsgæði með skipulögðum aðferðum.

Sérfræðiráð

Í frumvarpinu er kveðið á um að áfengis- og vímuvarnaráð, manneldisráð, slysavarnaráð og tóbaksvarnaráð eigi að gegna hlutverki sérfræðiráða Lýðheilsustöðvar og vera henni til ráðuneytis, hvert á sínu sérsviði. Kveðið er á um verkefni sérfræðiráða í 6.-9. gr. frumvarpsins en heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra er jafnframt heimilt að fela þeim víðtækari verkefni í reglugerð og setja reglugerð um skipan og hlutverk annarra sérfræðiráða.

Í athugasemdum með frumvarpinu segir að ofangreind ráð séu tilgreind sérstaklega þar sem forvarnir á þeim sviðum séu nú þegar lögbundin og að ekki hafi þótt fært að fella ákvæði um fyrrgreinda starfsemi alfarið úr lögum. Hins vegar þótti ekki heppilegt að binda í lög ákvæði um heilsueflingu og forvarnir á öðrum sviðum, m.a. vegna sýbreytilegra þarfa samfélagsins hvað forvarnir snértir.

Slysavarnaráð varar við því að telja í lögnum aðeins upp sérfræðiráð á ákveðnum sviðum lýðheilsu og telur að hætt sé við að önnur svið verði útundan í forgangs röðinni. Brýnt er að í frumvarpinu séu önnur sérfræðiráð á sviði lýðheilsu tilgreind, t.d. sérfræðiráð á sviði heilsueflingar, geðheilsu, tannheilsu, heilsu barna og unglinga, aldraðra og kvenna, heilsuverndar starfsmanna og sjálfsvígsforvarna svo eitthvað sé nefnt. Mikilvægt er að stofnun og starfræksla Lýðheilsustöðvar verði ekki til þess að draga úr hinu fjölbreytta og mikla starfi sem unnið er hérlendis til eflingar lýðheilsu, hvort sem það tengist opinberum aðilum eða er unnið í áhuga- og sjálfboðaliðastarfi hjá frjálsum félagasamtökum.

Skipulag

Í frumvarpinu er kveðið á um að starfrækja skuli sérstaka stofnun, Lýðheilsustöð, til eflingar lýðheilsu. Gert er ráð fyrir að Lýðheilsustöð verði undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra sem jafnframt skipar forstjóra stöðvarinnar til fimm ára í senn.

Ef tekið er mið af hversu þröngt lýðheilsa er skilgreind í frumvarpinu og takmörkuðum fjölda sérfræðiráða hjá Lýðheilsustöð þá þykir slysavarnaráði rétt að skoðað verði hvort ekki sé eðlilegra og hagkvæmara að tengja starfsemi fyrirhugaðrar Lýðheilsustöðvar því skipulagi sem fyrir er í samfélaginu. Landlæknisembættið hefur í sívaxandi mæli sinnt málefnum á sviði forvarna og heilsueflingar. Starf þetta hefur verið fólgið í ram sóknun, þróunarverkefnum og leiðbeiningum um hvernig best sé að haga forvarnar- og heilsueflingarstarfi ásamt fræðslu til almennings. Slysavarnaráð hefur verið staðsett hjá Landlæknisembættinu frá árinu 1995 auk þess sem fjölmörg önnur verkefni og forvarnastarf á sviði lýðheilsu hafa tengst embættinu með einum eða öðrum hætti. Sem dæmi má nefna verkefni Heilsueflingu og Geðrækt, sjálfsvígsforvarnir og sóttvarnir. Þá hafa fagráð verið Landlæknisembættinu til ráðgjafar varðandi áherslur í forvarnastarfi, heilsuvernd og heilsueflingu á ýmsum sviðum heilsugæslu.

Í frumvarpinu kemur fram að helsti ávinningurinn af stofnun Lýðheilsustöðvar sé að með aukinni samhæfingu megi efla heilsueflingar- og forvarnastarf enn frekar. Sé litið til hlutverks Landlæknisembættisins, heilsugæslunnar og ýmissa opinberra forvarnaráða er

ljóst að samstarf þessara aðila þarf að vera náíð. Ný stofnun getur hugsanlega gert samstarfið enn flóknara. Miðað við hlutverk og starfsemi Landlæknisembættisins í dag telur slysavarnaráð því ekki óeðlilegt að lagt verði mat á hagkvæmni þess að fela embættinu hlutverk Lýðheilsustöðvar í stað þess að setja nýja stofnun á fót.

Slysavarnaráð


Við gildistöku laga um Lýðheilsustöð munu lög nr. 33/1994 um slysavarnaráð falla niður og er ráðgert að starf slysavarnaráðs falli undir hina nýju Lýðheilsustöð. Í athugasemdum með frumvarpinu segir orðrétt: “Í frumvarpinu eru ákvæði um helstu verkefni áfengis- og vímuvarnaráðs, manneldisráðs, slysavarnaráðs og tóbaksvarnaráðs, en gert er ráð fyrir að nánari ákvæði um skipan þeirra og hlutverk verði í reglugerðum”. Það er álit slysavarnaráðs að þessi staðhæfing standist ekki hvað varðar slysavarnaráð og Slysaskrá Íslands en í 8. gr. frumvarpsins segir einungis: “Hlutverk slysavarnaráðs er að stuðla að fækkun slysa. Ráðið skal vera Lýðheilsustöð, heilbrigðisyfirvæðum og öðrum til ráðuneytis um allt sem lýtur að slysavörnum. Samræmd slysaskrá skal varðveitt hjá landlækni.”

Það er skoðun slysavarnaráðs að 8. gr. frumvarpsins sé ófullnægjandi, ekki hvað síst að því er varðar starfrækslu Slysaskrár Íslands. Í umræddu frumvarpi er fjallað um “samræmda slysaskrá” og er þar væntanleg átt við Slysaskrá Íslands sem vistuð er hjá Landlæknisembættinu. Brýnt er að umrædd skrá eigi sér lagastoð, hér eftir sem hingað til, enda er um skráningu og vörslu viðkvæmra persónuupplýsinga að ræða. Lagastoð um rekstur Slysaskrár Íslands er að finna í a-lið, 2. gr. laga nr. 33/1994 um slysavarnaráð. Verði þau lög felld niður án þess að taka upp í lögum um Lýðheilsustöð skýr og afdráttarlaus ákvæði um starfrækslu slysaskráningar, hefur lagagrundvöllinum verið kippt undan Slysaskrá Íslands. Þá hefur slysavarnaráði verið skylt samkvæmt sömu lögum að halda landsþing um slysavarnir annað hvert ár. Til að viðhalda þýðingu þessa þings telur slysavarnaráð ennfremur nauðsynlegt að þingsins verði áfram getið í lögum.

Fjármunir

Í fylgiskjali fjármálaráðuneytis með frumvarpinu kemur fram að gert er ráð fyrir að fjárveitingar á fjárlögum 2002 til þeirra aðila sem falla undir Lýðheilsustöð (165 milljónir kr.) verði færðar til nýrrar Lýðheilsustöðvar. Það er álit slysavarnaráðs að þá fjárhæð megi alls ekki skerða og telur ráðið að raunar væri rétt að veita mun meiri fjármunum til verkefna er lúta að lýðheilsu. Þá telur slysavarnaráð brýnt að sá kostnaður sem til fellur vegna stofnunar og starfrækslu Lýðheilsustöðvar verði ekki fjármagnaður með því að skerða að sama skapi það fé sem veitt hefur verið til forvarna og lýðheilsu.

F.h. slysavarnaráðs,


Sigurður Guðmundsson
Formaður slysavarnaráðs